

**Mál nr. 270/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækis: A**

### **Orsakatengsl. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 29. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. september 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. september 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 29. desember 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreiðina B, sem M ók, við gatnamót Barónstígs og Bergþórugötu í Reykjavík. M leitaði samdægurs til læknis þar sem hann lýsti eymslum á hægri herðasvæði, og fékk almennar ráðleggingar auk lyfseðils fyrir verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum. M hafi jafnframt leitað til heimilislæknis sem hafi gefið út beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 15. febrúar 2021 en fyrirliggjandi er yfirlit meðferða hjá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur að M hafi mætt í sjúkraþjálfun um fjögurra mánaða skeið. Þrátt fyrir meðferð búi M enn við einkenni sem rekja megi til slyssins. Fyrir liggur að M tilkynnti V um tjón sitt hinn 26. mars 2021, en V hafnaði kröfu hans með tölvupósti hinn 30. ágúst 2021 á grundvelli þess að gögn málsins bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði getað hlotist af atvikinu. M vísar í málskoti til þess að V byggi afstöðu sína á svokallaðri PC-Crash skýrslu en ekki þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir liggja og hafi þýðingu við mat á líkamstjóni og orsakatengslum. Skýrslan hafi verið einhliða unnin án aðkomu M og sönnunargildi hennar því takmarkað. Þess utan byggi hún ekki á samtímagögnum heldur aðeins óljósum gögnum unnum úr tjónstilkynningu og ljósmyndum af tjóni á A og B. PC-Crash forritið sem slíkt geti þá ekki spáð fyrir um áhrif áreksturs á líkama þeirra sem fyrir honum verði, enda taki það t.a.m. ekki til líkamsstöðu einstaklinga eða líkamsbyggingar. Þá sé alls ekki alltaf samræmi milli þeirra krafta sem virka við árekstur og líkamstjóns sem af honum hlýst.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að kraftur í umræddum árekstri hafi ekki verið nægur til að valda líkamstjóni. Lítið tjón hafi þá orðið á A og B. Þá sýni læknisfræðileg gögn ekki fram á orsakatengsl milli árekstursins og líkamstjóns M. Við fyrstu komu til læknis, hinn 29. desember 2020, hafi M kvartað undan eymslum á hægri herðasvæði og við komu á heilsugæslu í febrúar 2021 hafi hann kvartað undan bakverkjum. Einkenni M séu almenns eðlis og hafi ekki haft í för með sér óvinnufærni. Ekki liggja þá fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort einkenni M verði rakin til árekstursins. Það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og orsakatengsl milli þess og tjónsatviks. Sú sönnun hafi ekki tekist.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 29. desember 2020 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má þó jafnframt ráða að lítið tjón hafi orðið á A og B. Benda gögn málsins því til að um vægan árekstur hafi verið að ræða og eru frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna M. Einu læknisfræðilegu gögnin sem liggja fyrir nefndinni eru annars vegar vottorð um komu M á Læknavaktina hinn 29. desember 2020, og hins vegar beiðni um sjúkraþjálfun frá heilsugæslu dags. 15. febrúar 2021. Þrátt fyrir að M virðist hafa sótt sjúkraþjálfun á tímabilinu 6. maí til 13. september 2021 liggur ekki fyrir skýrsla sjúkraþjálfara um þá meðferð. Þá liggur ekki fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M. Hvað mögulegt líkamstjón varðar liggur fyrir að M leitaði til læknis hinn 29. desember 2020 þar sem hann kvartaði yfir eymslum á hægri herðasvæði, og aftur hinn 15. febrúar 2021, þegar hann kvartaði undan bakverk með leiðni upp í öxl. Við þá skoðun var hann aumur við þreifingu

yfir mjúkvefjum vinstra megin við lumbar hluta hryggjarsúlu. Má af þessu ráða að einkenni M hafi við umræddar skoðanir verið nokkuð almenn. Án t.a.m. matsgerðar um orsakatengsl einkenna hans og umrædds áreksturs verður því ekki séð að sýnt hafi verið fram á þau með framlögðum gögnum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir